REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð, nr. 753/1997, um mánaðarleg skil á staðgreiðslu og tryggingagjaldi.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Staðgreiðslufé og tryggingagjaldi ber að skila inn á reikning ríkissjóðs nr. 25009 hjá Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 19. mars 2002.

F. h. r.

Þórhallur Arason.

Erla Pétursdóttir.

Nr. 273 26. mars 2002

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Mýrdalshrepps.

I. KAFLI
Um skipan sveitarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps er skipuð fimm sveitarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil sveitarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Sveitarstjórn fer með stjórn Mýrdalshrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer sveitarstjórnin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Sveitarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Sveitarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.